

Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur um framkvæmdir á Vestfjarðavegi.

1. *Fyrir hversu mikla fjármuni hafa verkefni verið boðin út eða framkvæmd á Vestfjarðavegi (60) á tímabilinu 2007–2010?*

Á tímabilinu 2007–2009 hafa sjö verk verið boðin út á Vestfjarðavegi (60). Sex þeirra er lokið og eitt er í vinnslu. Alls var varið til þessara sex verka 1.328 millj. kr. og áætlað er að verk það sem er í vinnslu, þ.e. Kjálkafjörður – Vatnsfjörður, kosti 734 millj. kr. en því verki á að ljúka haustið 2010. Samtals má því ætla að um 2.062 millj. kr. verði varið til framkvæmda við Vestfjarðaveg árin 2007–2010.

2. *Hvað var áætlað að framkvæma fyrir háa fjárhæð á umræddu tímabili?*

Samkvæmt samgönguáætlun 2007–2010 var áætlað að verja 4.230 millj. kr. til framkvæmda við Vestfjarðaveg.

Skipting á helstu verkefni samkvæmt samgönguáætluninni er þessi:

Tunguá hjá Sauðafelli	43 millj. kr.
Dýrafjarðargöng	1.038 millj. kr.
Laxá hjá Búðardal	140 millj. kr.
Reykhólasveitarvegur – Þorskafjarðarvegur	134 millj. kr.
Svínadalur, Flókalundur um Svínadal, Skálanes – Eyri, Gröf – Skálanes	2.199 millj. kr.
Kjálkafjörður – Vatnsfjörður	620 millj. kr.
Um Hjarðardalsá	56 millj. kr.
Samtals	4.230 millj. kr.

Stærstu verkin sem áætlað var að hefja vinnu við en útlit er fyrir að frestist fram yfir 2010 eru kaflinn frá Gröf að Skálanesi og Dýrafjarðargöng.

Þá er ekki ljóst hvenær unnt verður að bjóða út kaflann milli Kjálkafjarðar og Vattarfjarðar en þar er nú beðið úrskurðar umhverfisstjórnarráðherra um matskyldu.